

## Fundur Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi á Skeri

Þriðjudaginn 17. október héldu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi fund á veitingastaðnum Skeri í Ólafsvík þar sem aðilum tengdum sjávarútvegi og öðrum gafst tækifæri á að ræða saman um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlindarinnar og hvernig arðinum af henni sé skipt. SFS efndi til fjölda funda um land allt til að fá tækifæri til að eiga samtalið við fólk, beint og milliliðalaust og var Ólafsvík einn af sjö stöðum sem urðu fyrir valinu.

Konráð S. Guðjónsson, aðal-  
hagfræðingur hjá Arion banka, mætti á fundinn til að varpa sínu ljósi á sjávarútveginn og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, leiddi fundinn.

Á fimmta tug fólks mætti á fund-



inn og tóku þátt í umræðum eftir að erindum Konráðs og Heiðrúnar lauk.

SJ

## Sædís og Aldís með A landsliðinu

Þorsteinn H. Halldórsson, landsliðsþjálfari A liðs kvenna í fótbolta hefur valið hópinn sem spilar í öðrum hluta Þjóðadeildar UEFA í lok október. Sædís Rún Heiðarsdóttir var valin í hóp fyrsta hluta deildarinnar þegar Ísland mætti Wales og Þýskalandi í lok september og spilaði hún sínar fyrstu mínútur með A landsliðinu í leiknum gegn Þýskalandi. Sædís heldur sínum stað í hópnum fyrir næstu tvo leiki auk þess sem Aldís Guðlaugsdóttir kemur inn í stað Fanneyjar Ingu Birkisdóttir. Aldís spilar stöðu markmanns, hún er uppalin í Ólafsvík og æfði alla sína æsku með UMF Víking/Reyni. Árið 2020 færði Aldís sig suður og spilaði þar með Val en færði sig svo til FH eftir sumarið 2022 eftir að hafa verið þar á láni. Landsliðshópurinn mun mæta Danmörku föstudaginn 27. október



og Þýskalandi þriðjudaginn 31. október og munu báðir leikirnir fara fram á Laugardalsvelli. Þriðji hluti Þjóðadeildarinnar fer svo fram í byrjun desember þar sem Ísland mætir Wales í Cardiff þann 1. desember og Danmörku á Viborg þann 5. desember. Miðasala á leik Íslands gegn Danmörku á Laugardalsvelli er hafin en enginn vafi er á að andrúmsloftið verður spennuþrungnið þegar stelpurnar okkar mæta á völlinn.

SJ



Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111



Sími: 430 3700  
www.fmis.is



# Sátt að nást um líkhús Snæfellsbæjar

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar þann 7. september síðastliðinn var tekið fyrir bréf frá öldungaráði varðandi líkhúsið og ástand þess. Svaraði bæjarstjórn öldungaráði með því að ekki væri forsvaranlegt að fara í frekari framkvæmdir við húsið á meðan ekki sé fyrirséð hver, eða hverjir, munu koma til með að sjá um þá þjónustu sem þarf að veita þar. Enn sem komið er er ekki búið að finna neinn til að taka við starfi Péturs Bogasonar sem

hefur séð um líkhúsið í Snæfellsbæ til fjölda ára. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar stendur fast á því að til þess að farið verði í framkvæmdir á húsinu verði að vera ljóst að einhver muni þjónusta húsið. Á bæjarstjórnarfundum þann 28. september var svo tekin fyrir ályktun frá aðalsafnaðarnefndarfundum Ólafsvíkurkirkju varðandi líkhúsið og samþykkti bæjarstjórn samhljóða að bjóða sóknarsamlagi Ingjaldshóls- og Ólafsvíkurkirkju húsið til eignar. Sóknarsamlag-

id svaraði því tilboði með bréfi til bæjarstjórnar og í samtali við Baldvin Leif Ívarsson, formann sóknarsamlagsins sagði hann mál-

id vera í góðum farvegi og allt liti út fyrir að samkomulag náist svo allir fari sáttir frá borði.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátapjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



## Getraunir 1x2

Ekki er hægt að segja að menn hafi verið getspakir síðasta laugardag, enginn náði svo mikið sem 10 réttum úrslitum. Það var notað sem afsökun að frekar lítil vitneskja væri á þessum liðunum í neðri deildunum. Endalausar afsakanir. Núna er tækifæri til að laga stöðuna og sýna hvað í mönnum býr, því á laugardaginn kemur verða leikir

úr efstu deildinni og verður fróðlegt að sjá hvernig tekst til. Við verðum alla vega í Áttthagastofunni á laugardaginn, milli klukkan 11.00 og 12.00 eins og venja er, kaffi á könnunni og upplagt að kíkja við fá sér smá sopa og tippa á nokkrar raðir.

Áfram Víkingur



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500  
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson  
Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ  
Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

## Settu niður 536 birkiplöntur



Nú í byrjun skólaárs fóru nemendur 7. bekkjar ásamt umsjónarkennurum, stuðningsfulltrúum og skólastjóra inn að skógrækt Ólafsvíkur í gróðursetningu. Að koma plöntunum niður að hausti er góður kostur þar sem jarðvegur er mun rakari en á sumrin og því kjöraðstæður til að setja niður plöntur. Nemendur 7. bekkjar settu niður 536 birkiplöntur

við vatnstankshólinn í Ólafsvík. Skólinn hefur fengið nýjar geispur, sem eru plönturör til að gróðursetja plöntur, og með tilkomu þeirra gengur gróðursetningin mun hraðar fyrir sig en áður en sömuleiðis er það krafturinn í nemendunum sem varð til þess að gróðursetning birkiplantanna gekk svo vel.

SJ





## Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2024

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara fyrir 1. nóvember 2023.

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2023 þurfa að senda inn ársreikning með áframhaldandi styrkbeiðni.

## Uppgangur hjá Taflfélagi Snæfellsbæjar

Skákin er hafin aftur eftir sumarfrí en fyrsta æfing vetrarins var sunnudagskvöldið 1. október í Átthagastofu Snæfellsbæjar. Eins og áður er áhuginn mikill og iðkendur á öllum aldri mæta á æfingar einu sinni í viku.

Í vor undirrituðu Taflfélag Snæfellsbæjar og FISK Seafood samning þess efnis að FISK myndi styrkja félagið að verðmæti 4,5 milljóna króna yfir þriggja ára tímabil. Á þessi styrkur að stuðla að bættem skilyrðum og áhuga á skákíþróttinni í Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ auk þess að hvetja til og styðja við jákvætt samstarf á milli Taflfélagsins og grunnskóla, framhaldsskólans og eldri borgarastarf á starfssvæði félagsins. Barna og unglिंगastarfið var virkt í Snæfellsbæ fyrir sumarfrí og krakkar frá bæði Snæfellsbæ og Grundarfirði duglegir að mæta á æfingar. Nú eftir sumarfrí verða breytingar á og æft verður á mánudögum í Grundarfirði í sal Grunnskóla Grundarfjarðar og á föstudögum í Snæfells-



bæ, í Átthagastofu Snæfellsbæjar. Æfingarnar verða einu sinni í viku til að byrja með, eru þær iðkendum að kostnaðarlausu og öllum velkomið að mæta. Þá eru börn og unglिंगar úr Grundarfirði velkomin á æfingar í Snæfellsbæ og öfugt. Svo eru skákkvöldin

á sunnudagskvöldum auðvitað á sínum stað þar sem öll eru velkomin.

Sífelld fleiri bætast í hóp þeirra sem iðka íþróttina og á síðustu æfingu barna og unglिंगa í Snæfellsbæ voru hátt í 20 ungmenni. Hröð aukning í þátttöku kallar á

meiri búnað og nýlega gaf Lionsklúbbur Ólafsvíkur Taflfélagi Snæfellsbæjar 10 skákklukkur að gjöf sem munu koma að góðum notum, bæði á æfingum og á mótum, myndin var tekin við það tækifæri.

SJ

# VALDIMAR



## Valdimar og hljómsveit í Ólafsvíkirkirkju

**Fimmtudagur 26. október 2023**

Menningarnefnd Snæfellsbæjar blæs til skemmtilegra vetrartónleika í Ólafsvíkirkirkju undir lok októbermánaðar.

Hljómsveitin Valdimar var stofnuð árið 2009 og hefur notið mikilla vinsælda allar götur síðan. Á tónleikunum í Ólafsvík verður sveitin fullmönnuð.

Sveitin hefur gefið út fjórar plötur og hafa þær hlotið fjölda tilnefninga til íslensku tónlistarverðlaunanna. Hljómsveitin hefur komið víða fram á tónlistarhátíðum bæði hér heima sem og erlendis.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

